

# Gestur Einarsson á Hæli.

Gestur Einarsson á Hæli, sonar-  
sonur Gests Gíslasonar, var orð-  
heppinn og fljótur til svaris. Árið  
1907 eða 1908 var hann að halda  
hrossamarkað austur á Landi. Þangað  
komu margir með hross er þeir vildu  
selja. Einn þeirra var Filippus Sæ-  
mundssonur bóndi í Klofa. Kom hann  
með 6 velra þamlaðu hest, fór að  
ljóða Gesti hann og hrósaði honum  
og segir meðal annars: "Það er gott  
fyrir þig að kaupa hestinn, það má  
brúka hann til alls." Gestur mælti:  
"Fyrst hesturinn er þessi kostgripur  
er heppilegt fyrir mig að kaupa hann,  
ég á nokkrar hryssur sem ég vil  
þáta eiga fölöðu, en væntar hest.  
Nú get ég notað þennan."

Það var á lestunum um alda-  
mötin 1900 að serra Valdimar Briem  
Gestur Einarsson á Hæli, Bjarni Stefáns-  
son ættabúr frá Núpstúni og Ófeigur  
Stónsson frá Geldingaholti voru saman  
á ferð til Reykjavíkur. Það var um  
miðjan dag er þeir fóru niður Svina-  
kráun. Væður var gott, sólskin og  
heiðrikja og sætt tunglið á vesturlöfti.  
Þá mælti Gestur við Bjarna - Þeir  
voru skammt á eftir Ófeigi: "Það  
er ég viss um að hægt er að telja  
Ófeigi trú um að skyið semu við  
sjáum í vestrinu sé tunglið." Gætti  
hann þess að tala það hátt að  
Ófeigur heyrði en lét semu hann  
segði þetta við Bjarna í hljóði.  
Litlu síðar ridur Gestur til Ófeigs  
og segir: "Sérðu tunglið þarna í  
vestrinu?" Ófeigur segir: "Ég sé  
ekkert tungl, hef heldur aldrei vitað  
að tunglið sæist um hábjartan dag  
í sólskinu og heiðrikju. Það er

naumast þú heldur ég sé einfaldur að  
trúa svona vitleysu.

Gestur sýnir honum nú fram á  
að þetta sé tunglið og færir fram  
rök fyrir því, en það dugur ekkert.

Skömmu síðar lýður Ófeigur sam-  
stíða seira Valdimar og segir: "Gestur  
er að reyna að telja mér trú um að  
skýið þarna í vestrinu sé tunglið  
en þú ég sé vitlaus læt ég þann  
ekki telja mér trú um þá vitleysu.

Þeir Gestur og Bjarni heyrðu  
þetta álenodur og þótti þessi leitur  
hafa gengið að vonum.